



Brunavarnir A-Hún. Stjórnarfundur 17. mars 2009

Þriðjudaginn 17. mars 2009 kom stjórn Brunavarna A-Hún ásamt slökkviliðsstjóra saman til fundar í Slökkviliðsstöðinni kl. 14:00. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Vaktaskipulag.
2. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Vaktaskipulag

Frá 1. Janúar hefur verið í gangi vaktakerfi sem starfshópur á vegum slökkviliðsmanna kom sér saman um og kynnti á fundi í lok nóvember síðastliðinn. Slökkviliðsstjóri fór yfir fyrirkomulagið og eru alltaf 3 saman á vakt og hefur fyrirkomulagið gengið vel fyrir sig. Skipta slökkviliðsmenn með sér vöktum og eru fjórðu hverja viku á vakt. Hafa því vaktirnar náð til 12 slökkviliðsmanna að jafnaði í mánuði.

2. Önnur mál.

- a) Lagt var fram bréf frá Andrés, Hilmari, Jóni og Ragnari þar sem þeir lýsa óánægju með vaktakerfið sem verið hefur í gangi og lýsa vilja til þess að færa það í fyrra horf. Stjórnin Brunavarna telur að núverandi vaktakerfi sem en er í þróun hafi í reynd sannað sig og ákvað að boða til sameiginslegs fundar með öllum slökkviliðsmönnum til að fara yfir reynsluna af því. Stjórnarformanni var falið að svara bréfinu.
- b) Slökkvistjóri fór yfir stöðuna í eldvarnareftirliti og gat þess að Vatnsdalur og Þingið væru aðalega eftir en þó nokkrir sveitabæir sem ekki var hægt að ljúka á hefðbundnum vinnutíma þar sem ábúendur eru í vinnu annarstaðar en að öðruleyti búið að loka hringnum.
- c) Slökkvistjóri fór yfir athugasemdir um búnað hússins frá Brunamálastofnun og hvað hefði verið gert til að bregðast við þeim. Komu athugasemdirnar fram við úttekt vegna búnaðar til hleðslu slökkvilitækja og er úrbótum lokið.

*Fundargerð upplesin og samþykkt.
Fundu slitið kl. 15:30.*

*Gróa Lárusdóttir (sign)
Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson (sign.)
Andrés Leifsson, slökkviliðsstjóri (sign.)*

Ágúst Þór Bragason (sign.)